

Fjárhagsáætlun 2010 – fyrri umræða

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2010

stefnuræða/greinargerð bæjarstjóra við fyrri umræðu

Inngangur.

Frumvarp fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010 er hér lagt fram til fyrri umræðu 26. nóvember 2010 en áætlað er að seinni umræða verði 10. desember n.k.

Reiknað er með að 3ja ára áætlunin verði lögð fram í bæjarráði 19. janúar 2010 og síðan vísað til umræðu í bæjarstjórn.

Samstarf hefur verið milli meiri- og minnihluta um gerð hennar og helstu forsendur. Hefur sú vinna farið fram í bæjarráði. Bæjarráð hefur fjallað um fjárhagsáætlun 2010 á flestum fundum frá 14. september en á þeim fundi var vinnuferli hennar samþykkt.

Vinna við áætlunina hefur hvílt á herðum fjármálastjóra, sviðsstjóra og deildarstjóra. Samstarfið hefur að mínu mati gengið alveg ágætlega og vil ég þakka oddvitum hinna flokkanna fyrir það sem og bæjarráðinu öllu. Þá vil ég þakka starfsfólki Ísafjarðarbæjar sérstaklega fyrir þá vinnu sem það hefur lagt í áætlunina og fyrir mikinn metnað við að halda rekstrinum innan þeirra marka sem nauðsynlegt er. Það er ekki alltaf auðvelt en nauðsynlegt.

Það er töluverð breyting á útliti fjárhagsáætlunar frá því sem við áttum að venjast. Ástæðan er sú að nú er áætlunin unnin inni í fjárhagskerfinu, var það fyrst gert vegna áætlunar 2009 en var áður unnin í Excel. Við bindum miklar vonir við þessi nýju vinnubrögð en sjáum jafnframt að það mun taka okkur nokkurn tíma til viðbótar að framkvæma breytinguna. Það fjárhagskerfi sem nú hefur verið tekið í notkun mun spara okkur sporin þegar fram í sækir og upplýsingagjöf úr því verður auðveldari en verið hefur til þessa. Það mun þurfa að gera leiðréttingar á framlögðu frumvarpi. Við vonumst til þess að geta leiðrétt sem mest milli fyrri og síðari umræðu í bæjarstjórn, fjármálastjóri mun ásamt lögg. endurskoðanda fara nákvæmlega yfir efnahagsreikning og breytingar sem stafa af endurskoðaðri fjárhagsáætlun ársins 2009 og fleiri atriðum sem þarf að fara vel yfir áður en lokaútgáfa fjárhagsáætlunar lítur dagsins ljós.

Áætlunin er lögð fram til fyrri umræðu með 146 m.kr. halla þegar aðalsjóður og B-hluta sjóðir eru lagðir saman í samstæðureikningi. Veltufé frá rekstri í samstæðu er jákvætt um 243 m.kr. Þannig skilar reksturinn fjármagni þó að gjöld séu veruleg umfram tekjur, enda eru afskriftir 177 m.kr., verðbætur og gengismunur 129 m.kr. og breyting lífeyrisskuldbindinga 72 m.kr. Alls um 378 m.kr. sem eru reiknaðar stærðir í rekstrareikningi.

Markmiðið er alltaf að skila rekstrinum réttu megin við núllið. Rekstraraðstæður eru erfiðari í dag en þær voru fyrir hrún en það er nauðsynlegt að hagræða enn frekar í rekstrinum og auka tekjur til að ná því markmiði að rétta af hallann. Við ríkjandi aðstæður er eðlilegt að við spyrjum okkur hvort þetta eigi að gerast á einu ári eða fleirum því ekki má skera svo harkalega niður að það fari að bitna á þjónustu við íbúana.

Það er eflaust öllum ljóst að mikið hefur verið hagrætt í rekstrinum og aðgerðir á borð við þá að draga úr innkaupum og viðhaldi duga lítt til framtíðar.

Við lestur sjóðsstreymis má sjá að handbært fé frá rekstri dugir til þess að borga fjárfestingar að upphæð 239,5 m.kr. og mismunurinn fer til að lækka lán bæjarins.

Fjárhagsáætlun 2010 – fyrri umræða

Forsendur fyrir þessari niðurstöðu eru þær að reiknað er áfram með verðbólgu um 5% og að krónan standi í stað þannig að erlend lán breytast ekki á árinu 2010 eftir u.þ.b 5% hækkun 2009.

Sundurliðað rekstraryfirlit:

Við yfirlestur sundurliðunar má sjá að laun og launatengd gjöld eru meira sundurliðuð en áður og mun það gefa gleggri samanburð þegar fram í sækir þó það geri samanburðinn erfiðari á milli ára. Full ástæða er að vinna betur grunn fyrir millifærslur, sérstaklega innri leigu og virðist verulega halla á eignasjóð hvað það varðar. Markmiðið er að samræma þessa kostnaðarliði betur og auka yfirsýn.

II. Meginforsendur áætlunar 2010.

Helstu viðmiðanir eru fengnar af fundum með bæjarráði í vinnuferlinu

- Á milli umræðna mun bæjarráð ásamt stjórnendum bæjarfélagsins og fagnefndum eftir atvikum fara yfir tillögur að breytingum á fjárhagsáætlun. Bæjarráð þarf að leita leiða til að draga úr rekstrarhalla.
- Enn vantar ákveðnar forsendur eins og t.d. hvaða áhrif skattahækkanir ríkisins munu hafa á sveitarfélagið, sérstaklega á framlög Jöfnunarsjóðs og þá alveg sérstaklega aukaframlagið sem ekki er vitað hvort verður áfram eða ekki. Þá er ekki ljóst hvaða áhrif skattahækkanir hafa á rekstur sveitarfélagsins, t.d. tryggingagjaldið sem verður væntanlega hækkað öðru sinni á hálfu ár. Fyrri hækkunin kostaði Ísafjarðarbæ tæpar 30 m.kr. en vonir standa til að ríkið bæti sveitarfélögum síðari hækkunina.
- Hagræðingarkröfur sem settar voru fram í fjárhagsáætlun ársins 2009 eru byrjaðar að skila sér. Á árinu 2010 er reiknað með að þær skili sér að fullu og má sjá þess stað í áætluninni.
- Fjárfestingaverkefni eru mun hærri en á árinu 2009 eða fara úr 33 m.kr. í 239,5 m.kr. eins og tillagan lítur út núna. Fjárfestingaþörfin er að lágmarki þessi en mjög líklega þarf að lækka þessa tölu á milli umræðna til að hafa nýta meira fjármagn frá rekstri til niðurgreiðslu lána.

Nokkur stefnumarkandi atriði samandregin:

Skýrar reglur eru um framkvæmd fjárhagsáætlunar. Forstöðumönnum deilda og sviðsstjórum er óheimilt að skuldbinda sveitarfélagið til útgjalda umfram fjárhagsáætlun nema fyrir liggi samþykki bæjarráðs til þeirrar útgjaldaaukningar. Reglur um framkvæmd fjárhagsáætlunar verða í greinargerð með endanlegri útgáfu hennar að venju. Sviðsstjórar eiga að tilkynna breytingar í rekstri á sviðsstjórafundum svo samstundis sé hægt að bregðast við og fara með málið fyrir bæjarráð þygi sýnt að fjárhagsáætlun standist ekki.

Horft er til byggingar á nýju hjúkrunarheimili og áhersla lögð á að ná samningum við ríkisvaldið um slíkan rekstur. Nýlegur fundur með félagsmálaráðherra gefur vonir um að hægt verði að hefjast handa á árinu 2010 og er það í samræmi við yfirlýsingu félagsmálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu 30 rúma hjúkrunarheimilis á norðanverðum Vestfjörðum.

Stefna Ísafjarðabæjar er að efla áfram samstarf um heimahjúkrun og heimaþjónustu og vera í fararbroddi í þjónustu við eldri borgara, þjónustuþegum í heimaþjónustu hefur fjölgað á árinu 2009.

Fjárhagsáætlun 2010 – fyrri umræða

Heimild verður eins og áður til almennrar eignasölu, að undangengnu samþykki bæjarstjórnar hverju sinni.

- **Tekjuáætlun.**

Álagningarhlutfall útsvars verði áfram 13,28% og reiknað er með 2,7% hækkun útsvars frá endurskoðaðri áætlun 2009. Reiknað er með 1.2% hækkun á framlögum Jöfnunarsjóðs frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2009. Í báðum tilfellum er um raunlækkun að ræða þar sem verðbólga er enn nálægt 9%.

- Álagningarhlutfall fasteignaskatts er óbreytt en mat á íbúðarhúsnæði hækkar lítilsháttar en lækkar á sumarbústaði og atvinnuhúsnæði. 2,3% hækkun verður á fjárhæð fasteignaskatts á milli ára. Fasteignaskattur A-flokkur, íbúðarhúsnæði 0,41% í B-flokki ríkissjóður 1,32% og í C-flokki lögaðilar 1,6% af fasteignamati.
- Lóðarleiga á íbúðarhúsnæði 1,8% og lóðarleiga á annað húsnæði 3% af fasteignamati.
- Vatnsgjald 0,26% og holræsagjald 0,3% af fasteignamati.
- Sorphirða og sorphreinsunargjald á íbúðir og lögaðila verði hækkað sem svarar verðbótahækkun 10%. Gjaldið á íbúð verður 41.580 kr.
- Leikskólagjöld hækki um 10% til samræmis við verðlagshækkanir.
- Reglur vegna lækkunar á fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega verði óbreyttar.
- Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 27. október að gjaldskrár Ísafjarðarbæjar í fjárhagsáætlun 2010 hækki um 10% frá því sem nú er. Undanskildar eru þær gjaldskrár, sem nú þegar taka breytingum samkvæmt vísitölum innan viðkomandi rekstrarárs.
- Bæjarráð samþykkti einnig þann 27. október að framlengd verði sú ákvörðun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar á þessu ári, þegar föst yfirvinna var lækkuð um 10% frá og með 1. júlí 2009. Sama gildi um fasta bifreiðastyrki, sem teknir voru af frá 1. júlí 2009.

Framsetning fjárhagsáætlunar.

Fjárhagsáætlun 2010 verður gefin út í samræmi við bókhaldslykil reikningsskila- og upplýsinganefndar sbr. reglugerð nr. 944/2000 með síðari breytingum og auglýsingu nr. 945/2004. Það felst m.a. í að tekjur og gjöld, eignir og skuldir eru flokkaðar í A- og B-hluta í fjárhagsáætluninni.

Í A-hluta er aðalsjóður sveitarfélagsins og stofnanir er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð af skatttekjum.

Í B-hluta eru stofnanir sveitarfélagsins sem eru í eigu sveitarfélagsins en eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Í endanlegri útgáfu fjárhagsáætlunarinnar verður efnahagsreikningur birtur þar sem tekið er tillit til breytinga sem kunna að vera gerðar á frumvarpinu á milli umræðna.

Stefnuræður/greinargerðir bæjarstjóra við fyrri og síðari umræðu verða birtar en þar er gerð grein fyrir ákvörðunum sem liggja að baki ýmsum tölulegum gildum. Ennfremur verða birtar leiðbeiningar og verklagsreglur sem tryggja að ákvarðanir sem teknar eru með samþykkt fjárhagsáætlunar ársins komist í framkvæmd.

Sjóðsstreymi.

Í frumvarpinu er birt yfirlit sjóðsstreymis bæjarsjóðs og stofnana hans. Sjá má sjóðsstreymi einstakra stofnana en í sjóðsstreymi samstæðu sést að veltufé frá rekstri er áætlað jákvætt um

Fjárhagsáætlun 2010 – fyrri umræða

243 m.kr., að teknu tilliti til þess að reiknaðir liðir, afskriftir, breyting áfallinna lífeyrisskuldbindinga, verðbætur og gengismunur, hafa verið dregnir frá.

Afborganir langtímalána eru áætlaðar 241 m.kr. og fjárfestingar eru áætlaðar 239,5 m.kr. Ný lántaka er áætluð 148,7 m.kr. og því verið að greiða af lánum um 90 m.kr. meira en sem nýrri lántöku nemur.

Eftirmáli.

Endanleg rekstrarspá, fyrir árið 2009 liggur ekki enn fyrir en það er ekki nema mánuður eftir af árinu.

Það er ljóst að þær forsendur sem við gáfum okkur vegna áætlunar 2009 ganga ekki eftir hvað varðar fjármagnskostnað. Reiknað var með að gengið myndi styrkjast það mikið að gengisvísitalan færi í 160. Það hefur ekki gerst heldur hefur gengið veikst og er gengisvísitalan nú yfir 230.

Þó má segja um áætlaða rekstrarniðurstöðu 2009 að almennur rekstur er að mestu í samræmi við upphaflega áætlun að mati fjármálastjóra. Endanleg niðurstaða fæst þegar ársreikningur liggur fyrir.

Það er einkennandi fyrir sveitarfélög sem eru sameinuð úr mörgum einingum að reiknaðir liðir á borð við afskriftir eru hlutfallslega háir sé miðað við veltu og íbúafjölda. Einingarnar innan sveitarfélagsins eru svo margar miðað við íbúafjöldann. Mismunurinn á milli rekstrarniðurstöðu annars vegar og veltufjár frá rekstri hins vegar er mjög mikill. Þversögnin að þrátt fyrir rekstrartap skili reksturinn fjármagni á svo sannarlega við um Ísafjarðarbæ.

Undirritaður telur ástæðu fyrir reikningsskilanefnd að skoða þennan mismun og athuga hvort ekki þarf að gera breytingar á uppgjorsreglum vegna þessa.

Ísafjarðarbæ, 26. nóvember 2009

Halldór Halldórsson

- bæjarstjóri -